

Mánudaginn 5. janúar 1998.

Nr. 1/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Kjartani Halldórssyni

(Helgi Birgisson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. janúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 9. sama mánaðar kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. janúar 1998.

Ár 1998, fimmtudag 1. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Kjartani Halldórssyni, kt. 080575-5219, Skipasundi 40, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 15. janúar nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú kæru 22 ára gamallar stúlku á hendur kærða vegna nauðgunar, en hún kveður hann hafa nauðgað sér á skemmtistaðnum Tunglinu í Lækjargötu í morgun.

Málavextir eru þeir, að laust fyrir kl. 7 í morgun var lögreglumönnum, er voru staddir í Lækjargötu, skýrt frá því, að þá skömmu áður hefði stúlku verið nauðgað á framangreindum skemmtistað, og væri árásarmanninum haldið við inngöngudyr hans. Handtóku þeir manninn, sem var nokkuð ölv-aður, og var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Á 3. hæð skemmtistaðarins komu lögreglumenn að grátandi stúlku. Hún var íklædd kjól, sokkabuxum og sokk og hafði yfirhöfn um herðar sér.

Kærandi hefur skýrt svo frá, að hún hafi verið að skemmta sér með kunningjum sínum á skemmtistaðnum Tunglinu. Um kl. 4.15–4.30 hafi hún hitt kærða og gefið sig á tal við hann, en þau séu gamlir skólafélagar og ná-grannar. Kærði hafi stungið upp á að, þau færu á einhvern stað í húsinu, þar sem þau gætu ræðst við í betra tómi. Hún hafi samþykkt það með það í huga að ræða gamla daga við kærða. Hafi þau síðan farið upp á 3. eða 4. hæð hússins og inn í herbergi, þar sem voru tveir stólar. Þau hafi sest niður og farið að ræða saman, en síðan hafi kærði beðið sig að koma inn í herbergi þar inn af, en því hafi hún neitað. Kærði hafi þá tekið sig kverkataki og dregið sig þar inn, skellt sér í gólfið, haldið sér, dregið kjól hennar upp og klætt hana úr sokkabuxum og nærbuxum og nauðgað henni. Hún hafi hrópað á hjálp, en hann hafi þá hóttað sér lífláti og tekið báðum höndum um háls sér og fyrir munn sér, meðan hann hafði samræði við sig. Því næst hafi hann þröngvað sér til þess að sjúga á sér getnaðarliminn og síðan haft samræði við sig öðru sinni. Eftir að hún hafði sögið lim hans aftur, hefði sér tekist að komast frá honum og leitað aðstoðar tveggja starfsmanna skemmtistaðarins.

Fyrra vitnið kvaðst hafa verið stött í eldhúsinu ásamt samstarfsmanni þess, er þangað hafi skyndilega komið stúlka úr herbergjum inn af eldhúsinu. Hún hafi verið grátandi og mjög miður sín og sagt, að sér hefði verið nauðgað. Hafi hún verið klædd í stuttan, dökkkan kjól, skólaus og í sokk á öðrum fæti. Vitnið kvaðst ásamt samstarfsmanni sínum hafa farið inn, þaðan sem stúlkan kom, og hefði þá verið þar dökkhærður maður, sem hefði verið að hneppa að sér buxunum. Kvaðst vitnið hafa tekið manninn tökum, þegar hann ætlaði út fram hjá því, en misst hann og hann hlaupið út á þak hússins og síðan stokkið þar niður í húsasund.

Síðarnefnda vitnið kvaðst hafa verið við vinnu í eldhúsinu, er stúlka kom til þeirra félaga hágrátandi og kvað sér hafa verið nauðgað í herbergi baka til við eldhúsið. Vitnið kvaðst ásamt samstarfsmanni sínum hafa farið þar inn, og hafi þá verið þar ungur, svarthærður maður, sem hefði verið að gyrða sig og hneppa að sér buxunum. Félagi vitnisins hefði tekið manninn tökum, en misst hann og maðurinn komist út á þak og þaðan niður.

Kærði hefur viðurkennt að hafa farið með kæranda inn í herbergi á efri hæðum skemmtistaðarins og þaðan inn í annað herbergi. Hann viðurkennir hins vegar ekki að hafa nauðgað henni. Kveðst hann halda, að hann hafi haft við hana samfarir, en muni það ekki. Ber kærði því við, að hann hafi verið undir mjög miklum áfengisáhrifum, en einnig hafi hann verið búinn að fá sér amfetamín í nös, áður en hann kom á staðinn. Kærði kveðst ekki heldur muna, hvort hann hafi þröngvað kæranda til að sjúga á sér liminn, en vilji þó ekki neita því. Þá kveður kærði sig hvorki reka minni til að hafa hótað kæranda lífláti né haldið fyrir munn henni.

Af gögnum málsins er ljóst, að rannsókn þess er á frumstigi. Verulegt ósamræmi er milli framburðar kæranda og kærða, að því er varðar hina ætluðu refsiverðu háttsemi. Yfirheyrja þarf fleiri vitni, afla læknisvottorða og fá niðurstöður úr rannsóknum.

Samkvæmt framansögðu eru skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til að verða við kröfunni. Rétt þykir þó að ákveða, að gæsluvarðhaldið vari eigi lengur en til föstudags 9. janúar nk. kl. 16.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kjartan Halldórsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudags 9. janúar nk. kl. 16.
